

349. fundur Skólanefndar FS

3. apríl 2019



Mættir: Böðvar Jónsson formaður, Helga María Finnbjörnsdóttir, Jónína Magnúsdóttir, Kristín María Birgisdóttir, Rósa Dögg Þorsteinsdóttir, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson, Jón Ragnar Magnússon og Bjarnfríður Bjarnadóttir og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Staða byggingamála.
2. Horfur fyrir næstu önn.
3. Önnur mál.

1. Staða byggingamála.

Rætt um stöðu mála varðandi fyrirhugaða nýbyggingu en ráðherra hefur staðfest að í næstu viku verði skrifað undir samning um byggingu hennar. Gert er ráð fyrir að kostnaður verði 123 milljónir og framkvæmdin verður á höndum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Næsta skref er að skipa bygginganefnd og samþykkt að formaður skólanefndar og skólameistari ræði það við SSS.

2. Horfur fyrir næstu önn.

Skólameistari sagði frá undirbúningi fyrir næstu önn. Búið er að auglýsa stöður þeirra sem hættu og verða í leyfi. Einnig þarf að auglýsa stöður þeirra sem ekki eru með kennsluréttindi. Um 85 nemendur útskrifast í vor.

3. Önnur mál.

a) Formaður NFS sagði frá starfi nemendafélagsins en árshátíð er í þessari viku. Söngkeppni framhaldsskólanna og hæfileikakeppni starfsbrauta verða í þessum mánuði og þá kemur sjónvarpsþátturinn Hnísan og skólablaðið Vizkustykki einnig út.

b) Íslandsmót iðn- og verkgreina var haldið á dögunum og stóðu keppendur skólans sig vel og unnu m.a. keppni í forritun. Þrír nemendur skólans kepptu á Special Olympics í Abu Dhabi og stóðu sig með þryði.

c) Skólameistari ræddi um fjárhagsstöðu skólans en hún er í jafnvægi. Verið er að vinna í því að leiðrétta mistök við útreikninga framlags vegna starfsbrautar en skólinn hefur enn ekki fengið þá upphæð greidda til baka.

d) Stefnt er að því að bjóða upp á námskynningu fyrir nemendur vinnuskólans í sumar eins og undanfarin ár.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including 'JR', 'HMF', 'KJ', and others.

- e) Vonast er til þess að hægt verði að efla þjónustu sálfræðinga í skólanum næsta vetur en verið er að skoða að útvega fjármagn til þess.
- f) Skólanefnd samþykkir að félagsgjald nemendafélags hækki um 1000 krónur á næstu önn.
- g) Verið er að skoða að bjóða upp á sumarönn til að bregðast við áföllum á vinnumarkaði á Suðurnesjum.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Böðvar Jónsson, formaður



Helga María Finnbjörnsdóttir


Rósa Dögg Þorsteinsdóttir


Gunnar Valdimarsson


Kristján Ásmundsson


Jónína Magnúsdóttir


Kristín María Birgisdóttir


Bjarnfríður Bjarnadóttir


Jón R.
Jón Ragnar Magnússon


Guðmann Kristþórsson, fundarritari